

Vegagerðin
Suðurhraun 3
210 Garðabær

Garðabær, 24. janúar 2024
Málsnúmer: 202401-0055
SS

Efni: Umsögn vegna framkvæmdaleyfis fyrir nýja brú yfir Fossvog.

Vísað er í bréf frá Vegagerðinni, dags. 9. janúar 2024, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um möguleg umhverfisáhrif vegna byggingar nýrrar brúar yfir Fossvog, sem fyrirhugað er að sækja framkvæmdaleyfi fyrir hjá Reykjavíkurborg og Kópavogsbæ.

Náttúrufræðistofnun hefur veitt umsagnir um framkvæmdina og umhverfisáhrif hennar á fyrri stigum m.a. um matskyldu framkvæmdarinnar til Skipulagsstofnunar þann 22. janúar 2020 og til Kópavogsbæjar um breytingu á deiliskipulagi þann 18. september 2023. Eru eftirfarandi ábendingar teknar að mestu úr þeim umsögnum:

Miðað við fyrirbyggjandi upplýsingar og miðað við staðsetningu og umfang framkvæmdarinnar og útfærslu brúarinnar telur Náttúrufræðistofnun ekki líklegt að hún valdi umtalsverðum umhverfisáhrifum á náttúrufarsþætti s.s. lífríki og jarðminjar á svæðinu. Lengd brúarinnar verður 270 metrar (brúarhafið) og landfyllingar um 0,74 ha. Fram hefur komið að full vatnsskipti verði tryggð í voginum og breytingar á straumum og áhrif á setflutning og botngerð verði óveruleg og að brúin eigi því ekki að hafa áhrif á leirusvæði innar í voginum Töluverð áhrif verða hins vegar á landslag svæðisins.

Staðsetning brúar yfir Fossvog er á milli tveggja landfyllinga sem hafa á síðustu áratugum þrengt mynni vogsins úr 570 metrum í 340 metra. Brú yfir voginn og landfyllingar sem tengjast henni munu því ekki rýra náttúrulegar strendur, beggja vegna Fossvogs, frekar en þegar er orðið. Kýrhamar virðist ekki vera innan framkvæmdasvæðisins en rétt við það. Kýrhamar er um 300 m frá náttúruvættinu (Fossvogsbakkar). Þar er jökulberg neðst svo kemur 5-6 m þykkt setlag sem í hafa fundist steingerðasr skeljar. Þó Kýrhamar sé ekki innan náttúruvættisins þá hefur hann fræðslu og vísindagildi og ætti tvímælalaust að halda þessu svæði öröskuðu. Tryggja þarf það á framkvæmdatíma.

Vestan við flugbrautarendann eru lítt snortnar leirur og fjörur. Áform eru um landfyllingu þar í tengslum við nýja byggð í Skerjafirði. Sú landfylling er ekki hluti af þessari framkvæmd en Náttúrufræðistofnun hefur gagnrýnt þá framkvæmd vegna verndargildis leiru- og fjörusvæða sem munu raskast. Einnig hefur verið bent á mikilvægi þess að meta samlegðaráhrif beggja framkvæmda í einu til að heildaráhrif á viðkvæmt lífríkis svæðisins sé ljóst. Á framkvæmdatíma vegna byggingar Fossvogsbúar þarf einnig að huga að því að athafnir tengdar framkvæmdinni raski ekki þessum nálægu fjöru- og leirusvæðum.


Í gögnum með umsagnarbeiðninni er greint frá áætluðu efnismagni í landfyllingu og grjótvörn en ekki eru upplýsingar um hvaðan efnið kemur.



Í Fossvogi er fuglalíf ríkulegt og á varptíma eru t.d. æðarfuglar og fleiri tegundir með unga. Rask, hljóðmengun og tímabundin gruggmengun getur valdið töluverðri truflun á þessum viðkvæma tíma og huga þarf að þessu við skipulag framkvæmdarinnar.

Náttúrufræðistofnun gerir ekki frekari athugasemdir en er tilbúin til frekari ráðgjafar ef svo gerist þörf.

Virðingarfyllst,



Snorri Sigurðsson
Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs

